

Ákvörðun nr. 17/2022  
Þriðjudagur, 26. júlí 2022

## **Kaup Fastus ehf. á öllu hlutafé í Expert ehf., Expert kælingu ehf., 1311 heild ehf. og 50% hlut í Fossraf ehf.**

1. Þann 16. maí var Samkeppniseftirlitinu tilkynnt um kaup Fastus ehf. (hér eftir „**Fastus**“) á öllu hlutafé í Expert ehf. (hér eftir „**Expert**“), Expert kælingu ehf. („hér eftir **Expert kæling**“), 1311 heild ehf. (hér eftir „**1311**“) og 50% hlut í Fossraf ehf. (hér eftir „**Fossraf**“).
2. Með tilkynningunni fylgdi samrunaskrá. Þar kom fram af hálfu samrunaaðila að um væri að ræða tilkynningarskyldan samruna samkvæmt ákvæði 1. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005. Kaupsamningar vegna viðskiptanna voru undirritaðir þann 20. apríl 2022, með fyrirvara um samþykki Samkeppniseftirlitsins og hefði samruninn því ekki komið til framkvæmda, sbr. 3. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga. Jafnframt kom fram að samrunaskráin væri lengri tilkynning. Samrunaaðilar teldu mikilvægt að halda því til haga að þeir álitu allar líkur á því að skilyrði b. liðar 6. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga til að senda inn styttri tilkynningu væru uppfyllt í málinu, nánar tiltekið að þeim hafi í raun verið heimilt að senda inn styttri tilkynningu. Í þeim tilgangi að veita Samkeppniseftirlitinu sem ítarlegastar upplýsingar á upphafsstigum málsins kusu samrunaaðilar þrátt fyrir það að senda inn lengri samrunatilkynningu.
3. Með bréfi Samkeppniseftirlitsins til samrunaaðila, dags. 31. maí 2022, var samrunaaðilum tilkynnt að það væri niðurstaða eftirlitsins að samrunatilkynning væri ófullnægjandi varðandi tiltekin atriði, sbr. 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga og reglur um tilkynningu samruna nr. 1390/2020. Hefðu því lögbundnir frestir til rannsóknar á áhrifum samrunans því ekki byrjað að líða, sbr. 17. gr. d. samkeppnislaga.
4. Þann 23. júní 2022 barst viðauki við samrunatilkynninguna þar sem samrunaaðilar hefðu leitast við að safna saman og veita nánari skýringar á þeim atriðum sem gerðar voru athugasemdir við af hálfu eftirlitsins, að því marki sem samrunaaðilar teldu sig hafa forsendur til. Samrunaskráin taldist fullnægjandi við afhendingu framangreinds og tóku frestir til rannsóknar samrunans því að líða þann 24. júní 2022. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið fyrst og fremst til upplýsinga í samrunaskrá, samskipta við keppnauta og viðskiptavina sem og fyrri rannsókna eftirlitsins.
5. Í samrunaskrá kemur fram að starfsemi samrunaaðila sé eftirfarandi:
6. Fastus er sölu- og þjónustufyrirtæki, stofnað árið 2006, sem sér fyrirtækjum og stofnunum á heilbrigðissviði, og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði, t.d. stóreldhúsum, mótuneytum, veitingahúsum og hótelum, fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum. Meginstarfsemi félagsins skiptist í þrjú svið, n.t.t. heilbrigðissvið, fyrirtækjasvið og tæknisvið:
  - a) Heilbrigðissvið þjónar m.a. sjúkrahúsum, heilbrigðisstofnunum og Sjúkratryggingum Íslands, dvalar- og hjúkrunarheimilum, rannsóknarstofum og einstaklingum og selur ýmis hjálpartæki, sjúkráþjálfunar- og æfingartæki, lækninga- og hjúkrunarvörur o.fl.



- b) Fyrirtækjasvið selur úrval af tækjum og vörum fyrir veitingastaði og stóreldhús, auk innréttinga og húsgagna, ásamt því að þjónusta mótuneyti fyrirtækja, skóla og heilbrigðisstofnana með hönnun og skipulagi á eldhúsum.
- c) Tæknisvið sér um hvers konar þjónustu við vörur sem félagið býður viðskiptavinum, t.d. lækningartæki, stóreldhústæki o.s.frv.
7. Expert var stofnað árið 2012 á grunni þjónustudeildar Vífilfells hf. Tilgangur félagsins samkvæmt gildandi samþykktum eru viðgerðarþjónusta, uppsetning á vélum, fjárfestingar, heildsala, smásala, lánastarfsemi, eignarhald, útleiga fasteigna og önnur tengd starfsemi. Expert er þjónustufyrirtæki sem sinnir stórnotendamarkaði, einkum hótelum og veitingahúsum. Félagið hefur sérhæft sig í viðgerðum og viðhaldi á tækjum fyrir þann markað, einkum fyrir kæla, klakavélar, bjórdælur og kaffivélar. Samhliða slíkri þjónustu hefur félagið í litlu magni flutt inn klakavélar og bjórdælur til endursölu.
8. Á árinu 2014 stofnaði Expert dótturfélagið Expert kælingu. Tilgangur félagsins samkvæmt gildandi samþykktum er iðnaðarstarfsemi, heildverslun, fjárfestingar, smásala, lánastarfsemi, eignarhald, útleiga fasteigna og önnur tengd starfsemi. Expert kæling er þjónustufyrirtæki sem sinnir einkum þjónustu á kæli- og frystibúnaði ásamt raflögnum og tengingum á smáspennubúnaði fyrir dagvöruverslanir. Félagið veitir einnig bændum þjónustu við mjólkurframleiðslu, en félagið er bæði sölu- og viðhaldsaðili mjólkurtanka. Expert kæling rekur jafnframt kæilverkstæði og veitir þjónustu og lausnir á sviðum rafverktöku. Samhliða hefur félagið í óverulegu magni flutt inn til endursölu kæli- og frystiklefa og tengdar vörur, en að öðru leyti snýr vörusala félagsins aðeins að varahlutasölu í tengslum við viðgerðarþjónustu þess.
9. 1311 selur ýmsan eldhús- og borðbúnað, s.s. glös, diska, hnífapör og annan slíkan búnað einkum til veitingastaða, skemmtistaða, kaffihúsa og heimila. 1311 var áður rekið sem deild innan fjölskyldufyrirtækisins GS Import ehf., sem heitir nú Trésmiðja Þráins E. Gíslasonar ehf. Ástæða þess er sú að gengið hafði verið frá óformlegu samkomulagi um kaup Expert á hlut í 1311 áður en viðræður um kaup þess Fastus á öllu hlutafé í Expert og tengdum félögum hófust. Í samkomulaginu var m.a. gengið var út frá því að ef Expert yrði selt myndi allur eignarhlutur í 1311 fylgja með í kaupunum.
10. Fosssraf er rafverktakafyrirtæki. Eignarhlutur Expert kælingar í Fosssraf er hluti af kaupunum.
11. Í samrunaskrá kemur fram að það sé mat samrunaaðila félögin starfi að langstærstu leyti á ólíkum mörkuðum. Þannig starfi Expert, Expert kæling og Fosssraf aðallega á mörkuðum fyrir viðhalds- og viðgerðarþjónustu fyrir viðskiptavinum á stórnotendamarkaði, bæði dagvöruverslanir og stóreldhús, og hafa sérhæft sig þar í kælibúnaði, klakavélum, bjórdælum og kaffivélum sem slíkir aðilar nota, en einnig í almennri rafvirkjaþjónustu við smærri raftæki, s.s. þvottavélar, þurrkara o.fl. Fastus starfi hins vegar ekki á slíkum þjónustumarkaði, enda sinnir félagið eingöngu að óverulegu leyti viðgerðum og viðhaldsþjónustu og það aðeins við tæki sem félagið hefur sjálft selt.
12. Þá segir að Expert og Expert kæling selji jafnframt að óverulegu leyti sambærilegar vörur og Fastus selji á fyrirtækjasviði. Þannig selja báðir aðilar í einhverjum mæli klakavélar, kæliklefa og kælikápa; frystiklefa, frystiskápa og frystiborð; ásamt kælipressum og condensum fyrir slíkar vörur; svo og hreinsiefni fyrir kaffivélar. Sala Expert og Expert kælingar sé þó óveruleg og vörurnar í ólíkum verðflokkum. Jafnframt kemur fram að Fastus selur ekki kælikerfi- og búnað sambærilegan þeim er Expert kæling býður fram og sé ekki staðganga á milli slíkra vara.



13. Aftur á móti kemur fram samrunaskrá að skörun sé í vörusölu fyrirtækjasviðs Fastus og 1311. Sú skörun í vöruúrvali samrunaaðila er í borðbúnaði, t.d. glös, diska, hnífa og aðra fylgihluti; kokkahnífa; andlitsgrímur og hanska; trévörur; barvörur; kaffi & te; glerkrukkur og gastrobakkar.
14. Samrunaaðilar telja ljóst að forsendur fyrir íhlutun samkvæmt samkeppnislögum séu ekki uppfylltar, enda hlutdeild hins sameinaða félags á þeim mörkuðum þar sem einhver skörun er ekki þess eðlis að markaðsráðandi staða verði til, styrkist eða samkeppni raskist með umtalsverðum hætti. Jafnframt benda samrunaaðilar á almennar samkeppnisaðstæður að öðru leyti, m.a. vegna þess samkeppnislega aðhalds sem hið sameinaða félag mun áfram búa við frá öðrum sterkum keppinautum og möguleikum viðskiptavina á beinum innflutningi. Benda þeir á að starfandi séu öflugir keppinautar sem veiti samrunaaðilum verulega samkeppni og aðhald, t.d. Verslunartækni ehf., Eirvík ehf., Rekstrarvörur ehf., Ásbjörn Ólafsson ehf., Kapp ehf., Kælitækni ehf. og fleiri aðilar. Er það einnig mat samrunaaðila að litlar aðgangshindranir séu að mörkuðum málsins.
15. Að virtum fyrirleggjandi upplýsingum í samrunaskrá er það mat Samkeppniseftirlitsins að hafa megi hliðsjón af umfjöllun samrunaaðila um markaði við mat á samkeppnislegum áhrifum samrunans. Í ljósi niðurstöðu málsins telur Samkeppniseftirlitið þó ekki nauðsynlegt að taka endanlega afstöðu til skilgreiningar á mörkuðum málsins.
16. Líkt og að framan greinir telja samrunaaðilar að skörun á rekstri félaganna sé takmörkuð og varði að mestu (a) viðhalds- og viðgerðarþjónustu fyrir viðskiptavini á stórnotendamarkaði, (b) almennri rafvirkjaþjónustu við smærri raftæki, (c) sölu á klakavélum, kæliklefum og kælikápum; frystiklefum, frystiskápum og frystiborðum ásamt kælipressum og condensum fyrir slíkar vörur og (d) sölu á tilteknum borðbúnaði.
17. Við meðferð málsins átti Samkeppniseftirlitið samtöl við ýmsa keppinauta og viðskiptavini samrunaaðila sem almennt gerðu ekki athugasemdir við samrunann. Að mati eftirlitsins gefa framangreind sjónarmið, upplýsingar í samrunaskrá og viðauka, sem og fjöldi og stærð keppinauta, ekki tilefni til frekari gagnaöflunar um stöðu samrunaaðila á mörkuðum.
18. Það er því mat Samkeppniseftirlitsins miðað við fyrirleggjandi gögn að samruninn muni ekki hafa þau áhrif að hann myndi eða styrki markaðsráðandi stöðu samrunaaðila eða raski samkeppni að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. ákvæðum 17. gr. c. samkeppnislaga. Af þeim sökum er það niðurstaða eftirlitsins að ekki séu forsendur til að aðhafast vegna þessa samruna.

## Ákvörðunarorð

**„Kaup Fastus ehf. á öllu hlutafé í Expert ehf., Expert kælingu ehf., 1311 heild ehf. og 50% hlut í Fossraf ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson